



Alþingi

Erindi nr. P 133/121

komudagur 14.11.2006

Landbúnaðarnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. nóvember 2006

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999**

**Tilv: 2006100008**

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 23. október sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.


Meginefni frumvarpsins lýtur að því að staðfesta stöðu Hólaskóla sem háskóla, og eru sérsvið hans skilgreind sem hrossarækt og hestamennska, fiskeldi og ferðaþjónusta í dreifbýli.

Aðrar breytingar eru þar helstar, að búfræðsluráð er lagt niður (3. gr. frv.) og skólarnir fá sérstaka heimild til gjalddöku "fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem þeim er skylt að veita" (8. gr. frv.).

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Hún bendir hins vegar á, að atvinnulffinu er ætlaður minni hlutur í háskólaráði Hólaskóla en Landbúnaðarháskóla Íslands, sem er e.t.v. eðlilegt, en þó er umhugsunarvert, hvort Félag ferðaþjónustubænda ætti að vera tilnefningaraðili.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson